

REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Við upptalningu kennslugreina til MA-prófs í 1. málslíð c-liðar 1. mgr. 113. gr. reglnanna, á eftir orðinu „íslenskukennsla“, bætist: kvikmyndafræði.

2. gr.

Í stað orðsins „fornleifafræði“ fremst í upptalningu kennslugreina til MA-prófs í 1. málslíð c-liðar 1. mgr. 115. gr. reglnanna kemur: söguleg fornleifafræði.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. febrúar 2021.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.